

LÖG

um breyting á lögum nr. 41/1968, um verslunaratvinnu,
ásamt síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. másl. 3. mgr. 10. gr. laganna orðast svo: Lögreglustjóri skal vísa umsókn til ákvörðunar ráðherra ef hann telur að starfsemi umsækjanda sé svo háttáð að varhugavert sé að leyfa hana.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

*Gjört í Reykjavík, 6. mars 1995.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.

6. mars 1995

Nr. 16

LÖG

um breytingu á lögum um Hitaveitu Suðurnesja,
nr. 100/1974, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður Íslands og fimm sveitarfélög á Suðurnesjum, sbr. 2. gr., eiga og reka fyrirtæki er nefnist Hitaveita Suðurnesja.

Fyrirtækið er sjálfstæður réttaraðili og hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald. Heimili þess og varnarþing er í Keflavík-Njarðvík-Höfnum.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Hitaveita Suðurnesja er sameignarfyrirtæki ríkisins og eftirtalinnna sveitarfélaga sem eiga fyrirtækið í þessum hlutföllum:

Ríkissjóður Íslands	20,00%
Keflavík-Njarðvík-Hafnir	52,20%
Grindavíkurkaupstaður	11,17%
Sandgerðisbær	6,99%
Gerðahreppur	6,07%
Vatnsleysustrandarhreppur	3,57%